

Borgarráð

***Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa
Sózialistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um ráðningu borgarlögmans -
R17080023***

Á fundi borgarráðs þann 19. júlí 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sózialistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins:

Reykjavíkurborg braut gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við ráðningu borgarlögmans í ágúst árið 2017. 1. Hvernig var staðan auglýst? 2. Hverjir komu að ráðningaferlinu og hvernig var ráðningarinnanhússnefndin skipuð? 3. Óskað er svara við því hvort kannað hafi verið hvort borgarstjóri og borgarritari hafi verið vanhæfir til að sitja viðtöl vegna ráðningar borgarlögmans þar sem þeir eru nánir samstarfsmenn borgarlögmans 4. Stenst það jafnræðisreglu stjórnarskráinnar að borgarstjóri og borgarritari hafi verið í ráðningarnefndinni og einungis tveir aðilar sóttu um starfið og annar þeirra innanhússmanneskja? 5. Er eðlilegt að munnlegt viðtal við umsækjendur hafi snúist um einungis tvö viðfangsefni sem snéru bæði að málefnum og rekstri Reykjavíkur? 6. Kærandi fullyrti í greinargerð sinni að sú, sem hafi hlotið starfið, hafi notið hvatningar fyrrverandi borgarlögmans og borgarstjóra til að sækja um starfið. Fyrrverandi borgarlögmaður hafi verið einn af umsagnaraðilum hennar, enda yfirmaður hennar undanfarin ár. Hvað er rétt í þessum fullyrðingum?

Svar:

1. Hvernig var staðan auglýst?

Starf borgarlögmans var auglýst laust til umsóknar í Fréttablaðinu þann 17. júní 2017 og á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur var til og með 3. júlí 2017.

2. Hverjir komu að ráðningaferlinu og hvernig var ráðningarinnanhússnefndin skipuð?

Í ráðningarnefndinni sátu Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, Stefán Eiríksson borgarritari og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Sérfræðingur í ráðningum, Auður Björgvinsdóttir vann með nefndinni. Samsetning ráðningarnefndarinnar var með sama hætti og í flestum öðrum ráðningum í æstu stjórnendastöður hjá Reykjavíkurborg undanfarin ár.

3. Óskað er svara við því hvort kannað hafi verið hvort borgarstjóri og borgarritari hafi verið vanhæfir til að sitja viðtöl vegna ráðningar borgarlögmans þar sem þeir eru nánir samstarfsmenn borgarlögmans.

Þegar að skipa á eða ráða í opinbert starf hendir það oft að nefndarmaður í ráðningarnefnd er samstarfsmaður eða yfirmaður eins af umsækjendum um starfið. Meginreglan er sú að samstarfsmaður/yfirmaður er ekki vanhæfur til undirbúnings, meðferðar eða úrlausnar slíks máls, eins og við á í þessu tilviki. Engar athugasemdir voru gerðar við hæfi nefndarmanna í ákvörðun kærunefndar.

4. Stenst það jafnræðisreglu stjórnarskráinnar að borgarstjóri og borgarritari hafi verið í ráðningarnefndinni og einungis tveir aðilar sóttu um starfið og annar þeirra innanhússmanneskja?

Það stenst jafnræðisreglu stjórnarskráinnar að borgarstjóri og borgarritari hafi verið í ráðningarnefndinni. Jafnræðisregla stjórnsýsluréttar gildir um veitingu opinberrar stöðu og kveður á um að við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Þannig er óheimilt að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli ómálefnalegra sjónarmiða. Ráðningarnefndin lagði mat á umsóknirnar út frá þeim menntunar og hæfniskröfum sem fram komu í auglýsingu um starfið og með tilliti til frammistöðu umsækjenda í viðtali og við úrlausn verkefnis sem lagt var fyrir þá. Við mat nefndarinnar var þeim menntunar og hæfniskröfum sem fram komu í auglýsingu um starfið skipt niður í ákveðna matsflokka og var hverjum og einum matsflokki gefið ákveðið vægi. Á sama hátt var lagt mat á frammistöðu umsækjenda í viðtali og við úrlausn fyrrgreinds verkefnis. Sá umsækjandi sem fékk fleiri stig úr heildarmatinu var metinn hæfari og í kjölfarið ráðinn. Kærunefnd Jafnréttismála telur í úrskurði nr. 2/2018 að ekki verði annað ráðið en að matsþættir hafi verið í samræmi við þær menntunar- og hæfniskröfur sem gerðar voru í auglýsingu um starfið og byggst á málefnalegum sjónarmiðum. Það var mat ráðningarnefndarinnar að sú sem ráðin var í starfið hafi á grunni heildstæðs mats, að teknu tilliti til fyrirbyggjandi krafna og auglýsingar um embættið, verið hæfasti umsækjandinn um starf borgarlögmanns. Kærunefnd jafnréttismála taldi aftur á móti að rétt væri að breyta vægi einstakra matsþátta og komst því að annarri niðurstöðu. Niðurstaða ráðningarnefndarinnar byggðist að hluta á frammistöðu umsækjenda í viðtölum við nefndina og úrlausn verkefna. Kærunefndin gerði ekki athugasemdir við það, var sammála um að sú sem ráðin var í starfið hafi leyst betur úr þeim verkefnum sem lögð voru fyrir en taldi sig ekki geta gert upp á milli frammistöðu þeirra í viðtali hjá ráðningarnefnd á grunni þeirra gagna sem lögð voru fyrir nefndina.

5. Er eðlilegt að munnlegt viðtal við umsækjendur hafi snúist um einungis tvö viðfangsefni sem snéru bæði að málefnum og rekstri Reykjavíkur?

Rétt er að áréttu að viðtöl ráðningarnefndar við umsækjendur snerust ekki eingöngu um tvö viðfangsefni sem snéru bæði að málefnum og rekstri Reykjavíkurborgar. Lagðar voru fyrir umsækjendur fjölmargar spurningar sem sneru m.a. að umbeðnum hæfniskröfum, viðhorfi umsækjenda til starfsins, styrkleikum/veikleikum umsækjenda og tungumálakunnáttu. Hvað verkefnið varðar, sem lagt var fyrir umsækjendur, þá lagði ráðningarnefndin mat á kynningar, framsetningu og undirbúning umsækjenda og tók í því mati tillit til þess að annar umsækjenda hafði mun betri yfirsýn og þekkingu á núverandi skipulagi lögfræðimála hjá Reykjavíkurborg. Verkefnin snerust um að umsækjendur gerðu grein fyrir sýn sinni á framtíðarfyrirkomulag lögfræðimála hjá Reykjavíkurborg og hvernig þeir sæju fyrir sér fyrstu 100 dagana í starfi sem borgarlögmaður. Umfjöllunarefnið sneri þannig ekki um núverandi skipulag, heldur framtíðarfyrirkomulag þar sem horft var til reynslu og þekkingar beggja

umsækjenda í framsetningu þeirra á tillögum að slíku framtíðarfyrirkomulagi. Við ráðningar í störf stjórnenda hjá Reykjavíkurborg hafa hliðstæð verkefni, eins og hér um ræðir, verið lögð fyrir umsækjendur. Dæmi um slíkt er þegar að ráðið var í starf sviðsstjóra Velferðasviðs árin 2014 og 2017, sviðsstjóra Skóla og frístundasviðs árið 2015 og sviðsstjóra Menningar-og ferðamálasviðs árið 2017. Í þeim verkefnum var m.a. spurt um framtíðarsýn umsækjenda og önnur málefni sem sneru að málefnum og rekstri sviðanna. Ítrekað er að verkefni sem þessi eru ekki ígildi prófs heldur hluti af heildstæðu ráðningarferli. Í öllum tilvikum er sama verkefni lagt fyrir umsækjendur, hvort heldur sem þeir hafa starfað á þeim vettvangi sem um ræðir innan Reykjavíkurborgar eða ekki.

6. Kærandi fullyrti í greinargerð sinni að sú, sem hafi hlotið starfið, hafi notið hvatningar fyrrverandi borgarlögmanns og borgarstjóra til að sækja um starfið. Fyrrverandi borgarlögmaður hafi verið einn af umsagnaraðilum hennar, enda yfirmaður hennar undanfarin ár. Hvað er rétt í þessum fullyrðingum?

Eins og reifað var í úrskurði Kærunefndar Jafnréttismála nr. 2/2018 hefur sú fullyrðing, að sá umsækjandi sem starfið hlaut hafi verið hvattur af fyrrverandi borgarlögmanni til að sækja um starfið, ekki verið dregin í efa. Rétt er, hins vegar, að áréttu að fyrrverandi borgarlögmaður hafði enga aðkomu að ráðningarferlinu nema sem umsagnaraðili enda yfirmaður þess umsækjanda sem ráðinn var undanfarin ár. Borgarstjóri ræddi hvorki við né hvatti þann umsækjanda sem starfið hlaut til að sækja um starfið.

Dagur B. Eggertsson